



# Ingibjörg Júlíusdóttir

Fædd 23. júní 1934  
Dáin 31. desember 2021

Jarðsungin frá Borgarneskirkju  
miðvikudaginn 19. janúar 2022

# Forspil

## Draumalandið

Sigfús Einarsson - Guðmundur Magnússon

## Bæn

Á hendur fel þú honum,  
sem himna stýrir borg,  
það allt, er áttu' í vonum,  
og allt, er veldur sorg.  
Hann bylgjur getur bundið  
og bugað storma her,  
hann fótstig getur fundið,  
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir  
og það í miskunn sér,  
sem hagsæld minni hnekkir,  
og hvað mér gagnlegt er,  
og ráð þitt hæsta hlýtur  
að hafa framgang sinn,  
því allt þér einum lýtur  
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,  
og set á Guð þitt traust.  
Hann man þig, víð þess vertu,  
og verndar efalaust.  
Hann mun þig miskunn krýna.  
Þú mæðist litla hrið.  
Þér innan skammst mun skína  
úr skýjum sólin blíð.

Michael Haydn

Gerhardt - Björn Halldórsson

## Ritningarlestur

### Einsöngur

Liljan

Norskt lag - Þorsteinn Gíslason

## Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
;: Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu  
fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,  
því þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyr höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir mig mun ekkert bresta.::

Margrét Scheving

23. Davíðssálmur

# Guðspjall

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
;: Hærra, minn Guð, til þín, ;:  
hærra til þín.

*Lowell Mason - Sarah F. Adams.  
Matthías Jochumsson*

## Minningarorð

### Einsöngur

Íslenska konan

*Billy Joel - Ómar Ragnarsson*

## Miskunnarbæn

Nú legg ég augun aftur,  
ó, Guð, þinn náðarkraftur  
mín veri vörn í nótt.  
Æ, virst mig að þér taka,  
mér yfir láttu vaka  
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*P. C. Krossing  
Foersom - Sveinbjörn Egilsson*

Ég fel í forsjá þína,  
Guð faðir, sálu mína,  
því nú er komin nótt.  
Um ljósið lát mig dreyma  
og ljúfa engla geyma  
öll börnin þín, svo blundi rótt.

*P. C. Krossing  
Matthías Jochumsson*

## Bænir og Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á slétri grund  
fagurt með frjógvun hreina  
fyrst um dags morgunstud,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt

# Moldun

Ég lífi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristi krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

# Drottinleg blessun

Son Guðs ertu með sanni,  
sonur Guðs, Jesús minn,  
son Guðs, syndugum manni  
sonar arf skenktir þinn,  
son Guðs einn eingetinn.  
Syni Guðs syngi glaður  
sérhver lifandi maður  
heiður í hvert eitt sinn.

Hallgrímur Pétursson

# Eftirspil

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson - Margrét Jónsdóttir

Séra Þorbjörn Hlynur Árnason jarðsyngur

Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson

Tindatrío: Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason  
og Guðlaugur Atlason

Umsjón útfarar: Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug  
Sérstakar þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir einstaka umönnun og væntumþykju

Jarðsett verður í Borgarkirkjugarði